

Ár 2000, miðvikudaginn 20. september tók Golfdómstóll GSÍ, sem haldinn var í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal af hinum reglulegu dómendum, Kristjáni Einarssyni, Sveini Snorrasyni og Þorsteini Svörfuði Stefánssyni, fyrir málið nr. 1/2000: Suphit Donkanha gegn stjórn GSÍ, en mál þetta var dómtekið hinn 28. ágúst s.l. Í málinu er nú kveðinn upp svohljóðandi

### **úrskurður:**

Með kæru dagsettri 19. júní 2000 kærir Suphit Donkanha, félagi í Nesklúbbnum, úrskurð Dómstóls ÍBR frá 20. maí s.l., þar sem kæru hennar á hendur stjórn GSÍ var vísað frá dóminum. Málið var þingfest 1. ágúst s.l. en við fyrirtöku þess 2. ágúst var því frestað til gagnaöflunar og skýrslutöku til 28. ágúst s.l. er talsmenn aðila lýstu gagnaöflun lokið og óskuðu dóms í málinu með vísan til framlagðra gagna og greinargerða.

### **I. Aðild máls og dómkröfur:**

Fyrir Golfdómsstólnum gerir kærandi, Suphit Donkanha, félagi í Nesklúbbnum, þær kröfur að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og málinu verði vísað aftur til dómstólsins til efnislegrar meðferðar og “dómur upp kveðinn, rökstuddur með tilvísunum í lög og reglur”.

Af hálfu varnaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

### **II. Atvik máls:**

Vorið 1998 var kærandi, Suphit Donkanha ítrekað farin að leika undir þeirri forgjöf, 36, sem hún hafði haft og langaði til að forgjöfin væri lagfærð til samræmis við getuna. Hinn 10 maí hafði hún leikið Nesvöllinn á 97 höggum eða á 61 höggi nettó sem er 11 höggum undir pari vallarins. Sambýlismaður hennar og talsmaður hér fyrir dóminum, Jóhann Reynisson hafði leikið með kærandi þennan umræddan dag og skráð skor hennar á skorkort og staðfesti árangurinn með áritun sinni á kortið ásamt kæranda. Á skorkortið var dagsetning leikdagsins skráð þannig: 10/5 1998. Kortið afhenti Jóhann síðar sama dag framkvæmdastjóra klúbbsins, Árna Halldórssyni, í því skyni að kortinu væri komið til forgjafarnefndar til lækkunar á forgjöf kæranda. Formaður forgjafarnefndar klúbbsins, Baldur Þór Gunnarsson, mun hafa séð kort þetta nokkrum dögum síðar, en áður en golfkeppnin 21. maí 1998 var haldin, en til hennar má rekja upphaf þeirrar þrætu, sem hér er til skoðunar og úrlausnar. Formaður forgjafarnefndarinnar lýsti þeirri skoðun sinni, sem jafnframt sé verklagsregla í Nesklúbbnum, að þegar kylfingur skilaði skorkorti sérstaklega í því skyni að fá lækkaða forgjöf sína, þá beri að verða við slíkri beiðni, enda komi ekkert fram sem veiki réttmæti þeirra upplýsinga sem skorkortið geymir. Þá sé það verklagsregla forgjafarnefnda almennt, að verða við slíkum

beiðnum, án þess að sérstakur fundur fjalli um þær. Þannig hafi verið farið með leikkort það, sem kærandi hafði lagt fram til lækkunar í maímánuði 1998. Hins vegar hafði breyting á forgjöf hennar ekki verið skráð í tölvu og kom því ekki fram á skorkorti því, sem henni var afhent í upphafi keppninnar, en þar var forgjöf hennar skráð 36 eins og einnig hafði verið skráð á forgjafarlista, sem hékk uppi í golfskálanum og mun hafa verið keyrður út úr tölvu hinn 16. maí. Kærandi vakti hins vegar ekki athygli umsjónarmanna með mótinu á því, að hún hefði sent inn leikkort sitt til lækkunar á forgjöf sinni eftir að hafa leikið 11 höggum undir pari vallarins miðað við framangreinda forgjöf: 36.

Kærandi hafði ásamt talsmanni sínum verið ræst út í öðrum leikhóp um morguninn og lauk því keppni snemma. Hún hafði leikið á 100 höggum og skilað inn korti með nettóskor 64 högg miðað við áðurnefnda forgjöf, sem skráð hafði verið á kort hennar. Síðar um daginn vakti formaður forgjafarnefndar athygli umsjónarmanns mótsins, formanns kappleikanefndar á því, að um ranga forgjöf væri að ræða hjá kæranda og bæri því að víkja henni úr keppni. Formaður kappleikanefndar taldi þó eftir atvikum nægilegt eins og á stóð að leiðréttu skráða skor hennar með hliðsjón af þeirri breytingu á forgjöf sem leiddi af þeirri skor, sem hún hafði áður sent inn til lækkunar, án þess að víkja henni úr keppninni. Hann kveðst síðan hafa tilkynnt kæranda um þessa ákvörðun og skýrt fyrir henni ástæður hennar og hafi hún þá ekki andmælt henni eða tjáð sig um hana að öðru leyti en með því að brosa. Talsmaður kæranda og ráðunautur hennar kvaðst hafa verið “kallaður fyrir Kristján kappleikaformann og Árna framkvæmdastjóra þar sem Kristján hafði orð fyrir þeim félögum. Sögðu þeir félagar að það hefði verið búið að lækka Suphit og hún væri því ekki á því nettóskori sem skilað kortið sýndi.” Þeir upplýstu að sú lækkun hefði orðið fyrir nokkrum dögum. Talsmaður kæranda segist hafa látið það gott heita, en fengið útskrift að forgjöf kæranda. En hann kveðst hafa séð, þegar hann kom heim um kvöldið, *”að breytingin var dagsett 15. maí og sá ég þá að maður var í mysunni”* Talsmaðurinn taldi þannig ljóst, að forgjafarreglur og golfregla hafi verið brotnar af áðurgreindum mönnum og formanni forgjafarnefndar, og að þeir hafi falsað dagsetningu breytingarinnar og einnig logið til um hana til þess að leynd brotum sínum. (Við skýrslutöku málsins sýndi talsmaður hvernig hann hafði ritað dagsetninguna 10/5 á skorkort kæranda en þar var núllið í tíu tengt þannig við brotastrikið, að auðveldlega mátti lesa úr því 15/5)

Þann 7. júlí 1998 sendi talsmaður kæranda erindi til GSÍ. Í upphafi þess segir: Vinsamlegast úrskurðið fyrir mig í eftirfarandi, sem upp kom á liðnu vori hjá Nesklúbbnum. Í erindinu var atvikum lýst en síðan bornar fram spurningar í 8 liðum og svara óskað við þeim.

Á fundi stjórnar GSÍ hinn 20. júlí 1998 var gerð svofelld bókun: “Kynnt bréf Jóhanns Reynissonar og kæra á forgjafarnefnd NK vegna meintra ólögmetra forgjafarákvarðana. Fundurinn samþykkti að fela skrifstofu sambandsins að svara bréfinu eins og almennt tíðkast um slík mál og gera það í samráði við forgjafarnefnd GSÍ.”

Með bréfi dagsettu 24. júlí 1998 til formanns Nesklúbbsins skýrir Frimann Gunnlaugsson frá erindi Jóhanns Reynissonar vegna forgjafarmála hjá Nesklúbbum. Bersýnilegt er að bréfitari hefur lagt staðhæfingar í erindi Jóhanns til grundvallar svari sínu og að ekkert samband hefur áður verið haft við forgjafarnefndarmenn eða aðra starfsmenn eða stjórnendur NK um erindið eða þeim gefinn kostur á því að tjá sig um erindi Jóhanns og gæta hagsmuna sinna vegna ásakana um brot gagnvart kæranda. Að mati dómsins geymir bréf þetta persónulegt álit og skoðanir bréfitara sem auk þess orka tvímælis, eins og nánar verður gerð grein fyrir síðar í forsendum úrskurðar þessa. Fráleitt er því, með tilliti til framanritaðs, að líta á bréf þetta sem úrskurð stjórnar GSÍ eins og síðar virðist hafa orðið tilhneiging til hjá þeim sem um mál þetta véluðu.

Eftir að hafa komist að þeirri niðurstöðu að um brot eða mistök hafi verið að ræða í sambandi við framkvæmd móts og ákvörðun um forgjöf segir bréfitari í niðurlagi bréfsins að stjórn GSÍ vonist til þess að Nesklúbburinn leiðrétti þessi mistök til þess að ekki komi til frekari eftirmála.

Það var hins vegar 27. ágúst 1998 sem formaður forgjafarnefndar fékk vitneskju um bréfið frá 24. júlí og þær skoðanir, ályktanir og tilmæli framkvæmdastjóra GSÍ, sem fram komu í bréfinu. Hann sendi þegar hinn 31. ágúst bréf til Golfsambands Íslands b/t golfdómstóls, þar sem hann óskaði eftir álitu golfdómstóls á erindi því sem GSÍ hafði fengið vegna mótsins 21. maí og því bréfi, sem NK hafði fengið frá GSÍ þann 24. júlí. Í bréfinu var gerð grein fyrir atburðarás við breytingu á forgjöf kæranda og almennum verklagsreglum Nesklúbbsins við breytingar á forgjöf, svo og um framkvæmd mótsins 21. maí 1998. Jafnframt var mótmælt þeim skoðunum og ályktunum, sem fram höfðu komið í bréfi GSÍ en jafnframt látin í ljós vonbrigði með það hvernig GSÍ hefði staðið að málinu. Bréfi þessu fylgdi forgjafarkort kæranda fyrir tímabilið frá 17. maí 1997 til 22. ágúst 1998. Það sýnir að breytingar á forgjöf hennar á tímabilinu frá því í maí til 22. ágúst hafa alls verið 14, þar af sex til lækkunar og hinn 28. ágúst var grunnforgjöf hennar skráð 21,7.

Augljóst er, að talsmaður kæranda hefur litið á álitsgerð og tilmæli framkvæmdastjóra GSÍ sem fullgildan stjórnvaldsúrskurð og fyrirmæli til stjórnar NK, sem stjórn GSÍ bæri síðan ábyrgð á að væri fullnægt.

Eftir stjórnarskipti í GSÍ beitti ný stjórn sér ítrekað fyrir því að sættir yrðu um lausn deilunnar á grundvelli þeirra ályktana og tillagna sem fram

höfðu komið í fyrrgreindu bréfi framkvæmdastjóra GSÍ, m.a. með því að kæranda yrðu veitt verðlaun sambærileg þeim, sem veitt höfðu verið fyrir fyrsta sæti í keppninni 21. maí 1998. Þrátt fyrir góðan vilja ýmissa forráðamanna NK og GSÍ tókust ekki sættir í málinu.

Þegar hér var svo komið málum hinn 10. september 1999 að engar sættir höfðu orðið við Nesklúbbinn eða talsmann kæranda, sem fór með fullt forræði málsins fyrir kæranda, um lausn málsins, þá var brugðið á það ráð að kæra stjórn Golfsambands Íslands til dómstóls IBR með vísan til heimildar í Dóms- og refsíákvæðum ÍSÍ. Er stjórnin sökuð um refsivert aðgerðarleysi og tómlæti með því að láta forráðamönnum Nesklúbbsins haldast uppi að hundsa úrskurð stjórnar GSÍ og leiðréttu ekki misrétti, sem beitt var gagnvart kæranda. Krefst kærandi þess, að stjórn GSÍ verði látin sæta þeim viðurlögum er getur í 8. gr. 3 í dóms og refsíákvæðunum, þ.e. sviptingu réttar til þess að gegna trúnaðarstörfum innan íþróttahreyfingarinnar.

Fyrstu viðbrögð stjórnar GSÍ við kærinni voru að senda stjórn NK hinn 4. október 1999 bréf þar sem sambandið *“ítrekar hér með fyrri úrskurð um að málinu verði lokið af hendi NK með því að Suphit verði afhent verðlaun þau, sem hún varð af í viðkomandi móti...”* Hinn 4. nóvember sendi formaður NK kæranda bréf þar sem henni var tilkynnt, að stjórn og mótanefnd NK hefði samþykkt að veita henni sambærileg verðlaun eins og veitt voru í mótinu 21. maí 1998 og sendu henni verðlaunapening og gjafabréf Seglagerðarinnar Ægis, *“á allan hátt sambærileg við verðlaun þau er veitt voru í mótinu.”*

Forráðamaður kæranda hafnaði tilboði þessu fyrir hennar hönd með bréfi sínu 8. nóvember til formanns NK. Þar segir: *“Ég endursendi þér hluti þá, sem þú sendir Suphit, verðlaunapening og gjafakort sambærilegu og þeim verðlaunum og hún réttilega vann til þann 21. maí 1998, að ykkar mati.”* Ennfremur segir síðan í upphafi bréfsins: *“það er ekki alls kostar rétt að ég eigi nú í ágreiningi við NK, þar sem stjórn GSÍ leysti þann ágreining með úrskurði sínum þann 24. júlí 1998..”* Í bréfinu eru stjórnendur og nefndarmenn NK ásakaðir fyrir brot á forgjafar- og golfreglum og að hafa falsað dagsetningu forgjafarbreytingar og logið einnig til um hana til þess að leyna brotum sínum. Stjórn NK hafi, kalt og yfirvegað, ákveðið að gera ekkert í málinu frekar. Undir lok bréfsins segir bréfitari: *“Eins má ykkur vera ljóst að kæran á hendur stjórn GSÍ er aðeins fyrsta skrefið í því að koma óhæfum mönnum úr forystu golfhreyfingarinnar, mönnum, sem reyna að komast upp með að fara ekki að lögum og reglum GSÍ í krafti stöðu sinnar.”*

Meðan málið var enn til meðferðar fyrir héraðsdómi ÍBR sá forsvarsmaður kæranda sérstaka ástæðu til að senda stjórn ÍBR. og stjórn ÍSÍ ítrekaðar kvartanir og kærur vegna meðferðar málsins fyrir

héraðsdóminum. Hann krafðist þar meðal annars að stjórn ÍSÍ fari rækilega ofan í málið, þar sem framkoma sú sem formaður dómstóls ÍBR *hefur sýnt af sér eru hrein mannréttindabrot...* Honum finnst einnig sérstök ástæða til þess að senda ÍSÍ blaðaúrklippu af frétt sem ber yfirskriftina: *Sameiginleg norræn ályktun gegn kynþáttafordómum*. Biður talsmaðurinn stjórn ÍSÍ að hafa fréttina í huga þegar hún kynnr sér málið.

### III. Málsástæður og rök kæranda:

Kærandi telur sannað, að forráðamenn NK hafi brotið forgjafarreglur og golfreglu 33.5 og þar með brotið rétt á sér til verðlauna, sem hún hafi unnið til.

Af hálfu kæranda er því haldið fram, að stjórn GSÍ hafi kveðið upp bindandi og gildan úrskurð, þar sem skýrt sé kveðið á um að kylfingur eigi rétt á þeim verðlaunum, sem hann hefur unnið til, að forgjafarnefnd hafi ekki rækt skyldur sínar, en það eigi ekki að koma niður á kylfingnum og því beri að leiðrétta þetta.

Stjórn NK hafi fengið úrskurðinn og ítrekuð tilmæli og kröfur um að fullnægja honum og leiðrétta misrétti það sem kærandi hafi orðið fyrir vegna brota forráðamanna NK. Með því að gera ekkert frekar í málinu telur kærandi að stjórn NK viðurkenni þær ásakanir og þær forsendur, sem fram hafi verið bornar í beiðni um úrskurð þann 7. júlí 1998 sem og úrskurð stjórnar GSÍ frá 24. júlí 1998. Telur kærandi að stjórn NK hafi brotið bæði gegn 2. gr.laga GSÍ og lögum ÍSÍ.

Við þessum brotum stjórnar NK telur kærandi að stjórn GSÍ hafi borið skylda að bregðast og um þá skyldu snúist kæran og því beri dómstólunum að skera úr um það, hvort stjórn GSÍ beri að bregðast við (með málssókn?), þegar ekki sé farið að úrskurði hennar.

Af þessum ástæðum sé nauðsynlegt að öllum frávísunarkröfum sé synjað og að efnisdómur gangi í málinu. Því beri að ómerkja hinn kærða úrskurð og vísa málinu aftur til Dómstóls ÍBR.

### IV. Málsástæður og rök kærða.

Af hálfu kærðu er gerð krafa um staðfestingu úrskurðar um frávísun málsins í fyrsta lagi vegna þess að kærufrestur hafi verið liðinn þegar mál var höfðað eða kæra borin fram.

Í annan stað beri að vísa máli frá þar sem ekki liggi fyrir lögfull sönnun á meintu broti stjórnar NK eða einstakra stjórnarmanna NK. Því sé vandséð á hverju átt hafi að byggja málssókn á hendur stjórn eða einstökum stjórnarmönnum NK.

Þá beri að vísa máli frá, þar sem kærði sé fyrrverandi stjórn en ekki ákveðnir einstaklingar. Kæra til dómstóls ÍBR. hafi verið dagsett 10. sept. 1999 og henni beint að þeirri stjórn GSÍ, sem þá var starfandi. Töluverðar

breytingar hafi orðið á stjórn GSÍ síðan. Kærandi krefjist þess að einstaklingar verði sviptir rétti til að gegna trúnaðarstörfum innan íþróttahreyfingarinnar án þess að tilgreina einstaka stjórnarmenn í kæru sinni. Í símbréfi til verjanda tilgreinir talsmaður kærandi hins vegar þrjá einstaklinga sem enn sitja í stjórn GSÍ en ekki aðra, sem sátu í stjórninni fram í nóvember 1998, né þeirra er sátu í stjórninni 1998. En það sé meginregla réttarfars, að eigi skuli taka til greina kröfu um ákæru, ef undanskilinn sé nokkur sá, sem samsekur kunni að vera um verknaðinn.

Í fjórða lagi er því haldið fram af hálfu kærðu, að vísa beri máli frá, þar sem kærandi hafi ekki lengur hagsmuni af því að fá dóm í málinu. Stjórn og mótanefnd NK hafi farið að beiðni GSÍ og leiðrétt hin meintu mistök.

Að lokum vísar varnaraðili til forsendna hins kærða úrskurðar.

### V. Álit og niðurstaða dómsins:

Dómurinn telur nauðsynlegt að skoða fyrst, hvort forráðamenn NK hafi brotið gegn kæranda í sambandi við framkvæmd keppninnar 21. maí 1998, þar sem í kröfugerðinni á hendur stjórnendum GSÍ er út frá því gengið.

Dómurinn telur sannað að kærandi hafi leikið Nesvöllinn á 61 höggum hinn 10. maí 1998 og lagt inn gilt skorkort því til sönnunar með beiðni um lækkun forgjafar til samræmis við þann árangur. Sú ákvörðun kæranda að óska lækkunar forgjafar sinnar áður en keppnistímabil hæfist hjá golfklúbbnum bar að mati dómsins ótvíræðan vott um heilbrigðan metnað hennar en jafnframt virðingu kæranda fyrir grundvallar-sjónarmiðum forgjafarkerfisins.

Dómurinn telur sannað að kærandi hafi ekki vakið athygli umsjónarmanns eða manna með mótinu 21. maí 1998 á því, að skráð forgjöf á skorkort það, sem henni var afhent í upphafi keppninnar var hærri, en hún og meðleikari hennar og talsmaður hér fyrir dómi vissu eða máttu vita að henni bæri í samræmi við leik hennar 10. maí og beiðni um breytingu forgjafarinnar. Því telur dómurinn sannað að kærandi hafi leikið og skilað inn skorkorti að loknum leik með hærri forgjöf en hún og talsmaður hennar áttu að vita rétta. Samkvæmt golfreglu 6.2.b. má segja að rétt hefði verið að beita frávísun, en þeim viðurlögum var þó ekki beitt. Um framangreinda reglu og framkvæmd hennar hafa gengið nokkrir dómur, sem eindregið staðfesta sem höfuðreglu að það sé á ábyrgð leikmanns að ganga úr skugga um að rétt forgjöf sé skráð á skorkort að leik loknum, en áður en það er afhent kappleikanefnd. (sbr. dómur 6-2b/3.5).

Við meðferð málsins hefur komið í ljós, að formaður forgjafarnefndar NK hafi vakið athygli formanns kappleikanefndar á því eftir að kærandi hafði lokið leik sínum og skilað inn korti sínu að forgjöfin

væri þar ranglega tilgreind og hún hefði átt að lækka með tilliti til árangurs samkvæmt áður greindu korti sem skilað hafði verið í þeim tilgangi að fá lækkaða forgjöfina. Kveðst formaður forgjafarnefndarinnar hafa látið í ljós skoðun sína um að vísa hefði átt keppandanum frá keppni, en formaður kappleikanefndar hafi talið nægja að leiðrétta skor keppandans til samræmis við þann leikárangur hennar sem hún hafði náð 10. maí og að framan greinir. Má því segja að kærandi hafi hlotið mildari meðferð en ströngustu reglur gerðu ráð fyrir. Kom kærandi þó ekki til álita við úthlutun verðlauna í keppninni. Var kæranda og talsmanni hennar kynnt þessi ákvörðun og virtust bæði sætta sig við hana. Ákvörðun þessi er í samræmi við dóm 6-2b/3

Við framangreinda ákvörðun virðist hafa verið tekið sérstakt tillit til reynsluleysis keppanda og hugsanlegra tungumálaerfiðleika hennar við skoðun golf- og forgjafarreglna en einnig þá staðreynd, að breyting á forgjöf kæranda hafði ekki verið færð á forgjafarskrá hennar hinn 16. maí, þegar forgjafarskrá félaga klúbbsins hafði verið prentuð út og hékk á vegg í klúbbhúsinu fyrir keppnina 21. maí. Það breytir þó engu um upplýsingaskyldu keppandans eða ábyrgð. Ekki heldur þótt kærandi hafi ekki skilið málið eða kunnað reglurnar, sem talsmaður hennar kveðst hafa verið að kenna henni og hann átti að þekkja. Það leysir nefnilega engan undan viðurlögum samkvæmt golfreglum þótt hann viti ekki að hann hafi brotið þær.

Það var auðvitað bagalegt gagnvart kæranda og til þess fallið að vekja hjá henni ranghugmyndir eins og síðar átti eftir að koma í ljós, að forgjafarbreyting sú, sem hún hafði sjálf óskað eftir að gerð yrði, hafði ekki verið færð í forgjafarskrána áður en keppnin 21. maí 1998 hófst. Gagnvart öðrum þátttakendum í forgjafarkeppninni þennan dag var hins vegar nauðsynlegt og rétt að staðfesta og skrá breytinguna og taka tillit til hennar fyrir lok keppinnar og við útreikning á árangri keppenda, svo sem gert var.

Við meðferð málsins upplýsti formaður forgjafarnefndar NK, að hann hafi séð kort það, sem kærandi hafði lagt inn í því skyni að fá lækkaða forgjöf sína, nokkrum dögum fyrir áðurgreinda keppni. Hann kveðst hins vegar ekki hafa fært árangurinn samkvæmt því korti inn á forgjafarskrá kærandi fyrr en eftir að keppnin 21. maí var hafin. Þá hafi hann lesið úr dagsetningu sem skráð var á kortið sem 15/5 en ekki 10/5. Skýrir það ástæðu þess að á forgjafarskrá kæranda hjá klúbbnum er dagsetningin skráð: 15.05.98. Virðist dóminum augljóst, að maðurinn í mysunni, sem talsmaður kærandi taldi sig hafa séð að kvöldi 21. maí 1998, þegar hann var kominn heim til sín og skoðaði útskriftina af forgjafarkorti kæranda, hafi verið þessi mislestur eða misritun dagsetningarinnar, sem breyting forgjafar var miðuð við. Hann athugaði ekki, að hvarvetna þar

sem breyting hefur verið gerð á forgjöf, þá er hún miðuð við þann dag sem leikið var til forgjafarbreytingarinnar, en ekki innfærslu í forgjafarskrá ellegar ákvörðun forgjafarnefndar. Hann taldi að dagsetningunni hefði verið ætlað að gefa til kynna tímann þegar forgjafarnefnd samþykkti að breyta forgjöfinni eða hún færð í forgjafarskrá klúbbsins, en það taldi hann að hefði ekki getað staðist, þar sem útskrift úr forgjafarskránni sem keyrð var út 16. maí hafi ekki sýnt breytinguna. Af því virðist talsmaðurinn hafa dregið þá ályktun að forráðamenn NK hafi *falsað dagsetningu og logið einnig til um hana til að leyna brotum sínum*. Telur dómurinn að þessar hvatvíslegu ályktanir talsmanns kæranda hafi leitt að þarflausu til þess málatibúnaðar, sem að ófyrirsynju hefur komið fjölda starfsmanna íþróttahreyfingarinnar í þá aðstöðu að þurfa að þola ósæmilegar skriflegar ásakanir, aðdróttanir og ummæli af hendi talsmanns kæranda. Telur dómurinn framkomu talsmannsins hafa verið ámælisverða að þessu leyti og það því fremur sem hann hefur haft þessi ummæli, aðdróttanir og ásakanir í frammi í nafni kæranda, sem hann þó staðhæfir að hafi svo takmarkað vald á íslenskri tungu, að hún hafi ekki getað skilið spurningar dómsins til hennar nema fyrir túlkun hans og meðalgöngu.

Það er álit dómsins, að engin sönnun hafi verið færð fram fyrir því, að nokkur forráðamanna Nesklúbbsins hafi í einu eða neinu brotið af sér eða rétt á kæranda máls þessa við framkvæmd golfkeppni í Nesklúbbum hinn 21. maí 1998. Kærandi og talsmaður hennar höfðu sætt sig við þá framkvæmd og ekki andmælt henni áður en keppni lauk. Kom því ekki til að úrskurða þyrfti eða rökstyðja skriflega ákvarðanir í sambandi við framkvæmd mótsins. Framkvæmd mótsins var heldur ekki kærð innan þess tveggja vikna kærufrests sem 3. gr. dóms- og refsíákvæða ÍSÍ setja að skilyrði fyrir málskoti. Af framangreindum ástæðum leiðir að enginn grundvöllur er til málshöfðunar á hendur stjórnendum GSÍ til refsingar og réttindasviptingar. Málssókn á hendur þeim væri því tilefnislaus og þarflaus. Þegar af þeirri ástæðu bar að vísa máli kæranda frá Dómstóli ÍBR.

Á forgjafarkorti kæranda, sem fylgdi bréfi formanns forgjafarnefndar NK hinn 31. ágúst 1998 kemur fram, að forgjöf kæranda hafði á tímabilinu frá því í maí 1998 til 22. ágúst sama árs lækkað úr 36 eins og að framan er getið í 20.9. Rennir það fullum stöðum undir þá röksemd, að forgjafarnefnd hafi verið rétt að taka að fullu til greina beiðni kæranda um lækkun forgjafar hennar í samræmi við leikárangur hennar samkvæmt skorkortinu 10/5 '98.

Dómurinn telur að stjórn GSÍ hafi í upphafi ekki litið á og ekki mátt líta á bréf talsmanns kæranda frá 7. júlí 1998 sem kæru eða í öllu falli ekki sem gilda kæru. Til þess var erindið of síðbúið og hefði skrifstofunni því verið rétt að benda bréfitara þegar á það. Bréf skrifstofunnar til

Nesklúbbsins dagsett 24. júlí 1998 telur dómurinn fráleitt að líta á sem úrskurð. Bréfið geymir að mati dómsins aðeins hugleiðingar bréfitara og ályktanir sem orka tvímælis, sbr. ályktanir dómsins hér að framan. Bréfið fullnægir að engu leyti formkröfum úrskurðar, þar eru hvorki tilgreindir aðilar máls, heimildir til málsskots né málskotsfrestir. Þar er ekki heldur kveðið á um hvort stjórn GSÍ hafi átt úrskurðarvald um álitafnið og þeim ónafngreindu forráðamönnum NK, sem sökum höfðu verið bornir í erindinu, var ekki veittur kostur á að tjá sig um erindið eða gæta hagsmuna sinna áður en bréfið var sent.

Bréfið var til þess fallið að vekja ranghugmyndir hjá talsmanni kæranda og svo virðist, sem aðrir þeir aðilar, sem á síðari stigum hafa haft afskipti af máli þessu, þar á meðal ný stjórn GSÍ, sbr. tvö bréf dags. 4. október og 14. október 1999, hafi verið farnir að líta á bréfið frá 24. júlí 1998 sem úrskurð, og í hinum kærða úrskurði er tekin afstaða til framkvæmdar á "framangreindum úrskurði stjórnar Golfsambands Íslands." Dómurinn hafnar þessum skilningi.

Með vísan til framangreindra forsendna og raka staðfestir dómurinn niðurstöðu hins kærða úrskurðar og telur að rétt hafi verið að vísa málinu frá dómstóli ÍBR.

**úrskurðarorð:**

**Niðurstaða hins kærða úrskurðar er staðfest og málinu vísað frá dómstóli ÍBR.**

*Sveinn Einarsson*  
*Jónsk. Stefánsson*  
*Kristján Einarsson*